



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
á hátíðarsamkomu  
í Menningarmiðstöðinni á Eskifirði  
9. maí 2023**

Bæjarstjóri, forseti bæjarstjórnar,  
aðrir bæjarfulltrúar,  
ágætu íbúar Fjarðabyggðar  
og aðrir áheyrendur hér á Eskifirði

Ég þakka þá gestrisni og góðvild sem ég hef notið í heimsókn minni í Fjarðabyggð. Margt fróðlegt hefur borið fyrir augu, margt á maður enn eftir að sjá og njóta. Ég færi ykkur líka hlýjar kveðjur Elizu konu minnar sem gat ekki fylgt mér í þessa ferð. Eftir snjóflóðin í Neskaupstað síðla vetrar þótti rétt að fresta henni um skeið og Eliza er því miður vant við látin í útlöndum þessa daga.

Já, náttúran minnti á mátt sinn fyrir skemmstu. Við Íslendingar fylltumst að sjálfsögðu ugg og þökkum innilega að ekki fór verr, að mannskaði varð ekki í þetta sinn í Neskaupstað. Um leið rifjuðust upp hin miklu snjóflóð þar fyrir nær hálfri öld. Við minnumst þeirra sem létu lífið þá og í öðrum hamförum og slysum til sjós og lands. Sú minning má vera áminning – áminning um að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að tryggja að fólk geti verið óhult á heimilum sínum og vinnustöðum.

Ágætu áheyrendur: Framtíðin getur verið svo björt í heimabyggð ykkar. Um það er ég sannfærður, búinn að heimsækja stöndug fyrirtæki þar sem fullorðna fólkíð sinnir sínu og leikskóla og skóla þar sem næsta kynslóð unnr hag sínum vel. Og enn fleiri staðir bíða á morgun. Í gær lá leiðin í Mjóafjörð, nyrsta hluta Fjarðabyggðar og einnig kynnti ég mér mannlífið í Neskaupstað. Í dag var haldið til Breiðdalsvíkur, Stöðvarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar og nú erum við hér á Eskifirði. Áfram verður svo dvalist í þessum bæ á morgun uns heimsókninni lýkur á Reyðarfirði.

Framtíðin bíður með öllum sínum tækifærum og áskorunum og alltaf erum við að læra eitthvað nýtt. Alltaf má finna ástæður hér eystra til að efla rannsóknir og fræði á ýmsum sviðum, skapa nýja vitneskju og skapa auðvitað atvinnu. Hér viljum við áfram eiga blómlegar byggðir og þá verður fólk að geta sinnt fjölbreyttum störfum, ekki aðeins eftir þörfum samfélagsins heldur líka óskum hvers og eins, út frá áhuga, menntun og getu. Þetta þarf allt að haldast í hendur og við skulum því áfram feta þá braut.

Og talandi um að feta braut, nú eða göng sem getur verið ennþá betra. Samgöngur verða að vera greiðar og öruggar. Brýnt er að geta komist leiðar sinnar milli bæja og byggðarlaga og sjúkrahús eða heilsugæslustöðvar þurfa að vera í nánd.

Svona mætti áfram halda. Atvinna og samgöngur, menntun og heilbrigðisþjónusta, þetta mega teljast meginstoðir öflugs samfélags. En gleymum ekki hvers kyns afþreyingu, menningu, listum og íþróttum, auk samtaka og samkenndar. Þá sterku strengi má líka finna á heimaslóðum ykkar, ágætu Austfirðingar. „Þar er ég, þar ert þú, þar er allt það sem ástin okkur gaf.“ Þannig orti Bjartmar Guðlaugsson frá Fáskrúðsfirði við lag sem eitt sinn var óskasöngur íslenskrar þjóðar – niðurstaða sem sýnir að við Íslendingar vitum nú okkar viti þegar vel er að gáð.

Að lokum nefni ég einmitt áttthagaást og ættjarðarást. Áðan minntist ég á ógnarmátt náttúruaflanna en um leið megum við dást að fegurð landsins í smáu sem stóru. Sjálfur á ég þá barnsminningu að hafa staðið á þilfari ferjunnar Smyrils þegar Austfjarðafjöllin risu úr sæ og pabbi sagði við mig: „Þarna er landið okkar, þarna er Ísland.“

Margan kveðskap eigum við Íslendingar um heilbrigða þjóðrækni, virðingu fyrir landi og þjóð. Eitt skáldið var Þuríður Briem, fædd í Breiðdal og bjó lengi á Reyðarfirði. Í kvæðinu Heima lýsir hún vel fallegri áttthaga- og ættjarðarást og hljómar það svo:

Hugurinn þráir ætíð æskuslóð,  
yndisdrauma bjartra vonaglóð.  
Í háum gljúfrum hlusta á fossins söng,  
hægan nið er styttir dægrin löng.  
Heima fannst mér blómin ilma best,  
blárra fjalla tignin vera mest.  
Lækir smáir ljúflings kváðu mál,  
ljúft sá niður hljómar enn í sál.

Kæru Austfirðingar: Ég ítreka þakkir fyrir þá hlýju og vinarhug sem ég hef notið í heimsókn minni á ykkar fallegu heimaslóðir. Megi ykkur öllum farnast vel í bráð og lengd, ykkur sjálfum og samfélagi okkar allra til heilla.